



Fundargerð

30. fundur Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu Borg, 16. september 2025 kl. 14:00.

Fundinn sátu:

Pétur Thomsen, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Guðrún Helga Jóhannsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Dagný Davíðsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna Katrín Þórarinsdóttir, fulltrúi kennara

Bryndís Eðvarðsdóttir, fulltrúi foreldra

Fjóla Kristinsdóttir, sveitarstjóri

Sigrún Hreiðarsdóttir, skólastjóri

Guðrún Ása Kristleifsdóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar

Sigríður Þorbjörnsdóttir, deildarstjóri leikskóladeildar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Guðrún Helga Jóhannsdóttir.

1. Yfirlit yfir skólastarfið

Sigrún Hreiðarsdóttir skólastjóri fór yfir skólastarfið í byrjun árs, skipulag námsgreina og hverju einstaka kennarar sinna. Haldið er áfram að þróa teymisvinnu og teymiskennslu auk þess sem þróunarstarf með í flæði í leikskóladeild heldur áfram. Í vetur verður í gangi stórt verkefni um samskipti og samskiptavanda frá KVAN. Góð reynsla og ánægja er með styttri opnunartíma leikskólans á föstudögum. Verið er að innleiða gæðakerfi sem halda á utan um allt innra mat skólans.

Komið er að uppfærslu á skólastefnu Kerhólsskóla og hefst vinna við nýja stefnu á þessu ári.

2. Starfsáætlun grunnskólans

Starfsáætlun grunnskólans fyrir 2025-2026 var lögð fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

3. Innramatsskýrsla

Innra matsskýrsla var lögð fram til kynningar. Guðrún Ása Kristleifsdóttir deildarstjóri grunnskóladeildar kynnti niðurstöður skýrslunnar sem kom vel út og hefur verið mótuð umbótaáætlun til að bæta það sem bæta má.



4. Verkefnið snemmtæk íhlutun í leikskólanum

Sigríður Þorbjörnsdóttir deildarstjóri leikskóladeildar sagði frá verkefninu snemmtæk íhlutun í leikskólanum sem mikil ánægja er með. Meðal annars er verið að útbúa handbók um snemmtæka íhlutun sem notuð verður til að þjálfa nýtt starfsfólk.

Dagný Davíðsdóttir yfirgaf fund kl. 15:15

5. Umsóknir um námsstyrki

Þrjár umsóknir um námsstyrki bárust skólanefnd, umsóknirnar fengu allar jákvæðar umsagnir og nefndin leggur til að þær verði samþykktar.

Næsti fundur Skólanefndar verður haldinn 20. október 2024, kl.14:00-16:00.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:25.